

## Fundargerð nr. 18

### Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur  
**Fundardagur:** Fimmtudagur 7. desember 2023  
**Fundartími:** 13:00-14:30  
**Fundarmenn:** Haraldur Einarsson, formaður  
Heimir Rafn Bjarkason  
Hjalti Guðmundsson  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Börkur Brynjarsson kom inn á Teams undir lið 1

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

- Framkvæmdir við stofnlögn að Skeiðavegi**  
Börkur fór yfir stöð framkvæmda á styrkingu á neysluvatnslögn. Miðar vel áfram. Samtal í gangi við einn landeiganda um endanlega leið í gegnum land. Verkfundargerðir liggja fyrir og voru sendar á nefndarmenn með fundargögnum.
- Fjárfesting í vatnsveitu á árinu 2023**  
Eftir framkvæmdina sem er í gangi er staðan nokkuð góð austur frá Selfossi. Hluti fjárfestingar á árinu 2024 er hugsuð í kortlagningu á veitunni þ.e þarfagreiningu og greiningu á forgangsröðun á viðhaldsverkefnum og framkvæmdum ofl. Gerður verður samningur við verktaka um ákveðin verkefni sem tengjast vatnsveitunni og er gert ráð fyrir aðkeyptri vinnu við rekstur og fjárfestingu í fjárhagsáætlun 2024. Nefndin telur að mikilvægt sé að árlega sé gert ráð fyrir um 10-20 milljónum á ári í eðlilega fjárfestingu í vatnsveitunni.
- Framkvæmda- og bygginarnefnd vegna framkvæmda við Flóaskóla – tilnefning úr framkvæmda- og veitunefnd.**  
Framkvæmda- og veitunefnd tilnefnir Heimi Rafn Bjarkason til setu í framkvæmda- og byggingarnefnd vegna framkvæmda við Flóaskóla á árunum 2024-2026.
- Fulltrúi í verkefnastjórn um sameiginlega atvinnustefnu fyrir Flóahrepp, Árborg, Hveragerði og Ölfus.**  
Engin tilnefning berst úr framkvæmda- og veitunefnd í ofangreinda verkefnastjórn.
- Önnur mál**  
Fulltrúar nefndarinnar kalla eftir stuttri samantekt um notkun á Félagslundi og Þingborg á árinu 2023. Sveitarstjóri mun taka saman upplýsingar fyrir nefndarmenn.

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*